

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar nr. 492/2014

1. gr.

8. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Fundi bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi bæjarstjórnar í Ráðhúsi Bolungarvíkur, að jafnaði einu sinni í mánuði.

Aukafundi skal halda þegar forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótaskvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi bæjarstjórnar vegna sumarleyfis.

Bæjarstjóri getur ákveðið í samráði við forseta bæjarstjórnar og oddvita minnihluta að fresta reglulegum fundi ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

28. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal halda fundi vikulega nema þá viku sem bæjarstjórnarfundur er haldinn. Bæjarráð ákveður sjálft fundardag og fundartíma. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

3. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytið 22. mars 2016.

F. h. r.


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir